


Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns 2006

# 2

## Nes við Seltjörn Fornleifarannsóknir 2006 Framvinduskýrsla

Guðmundur Ólafsson  
Sigrid Cecilie Juel Hansen



Reykjavík 2007

© Guðmundur Ólafsson/Sigríð Cecilie Juel Hansen/Þjóðminjasafn Íslands

*Mynd á forsíðu: Yfirlitstekning af svæðum sem rannsökuð hafa verið umhverfis Nesstofu árin 2005 – 2006.*

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Nes við Seltjörn 2006.....	4
1. Fornleifakönnun vegna drenlagar – Svæði A. ....	4
1.1 Aðdragandi.....	4
1.2 Vettvangsrannsókn í febrúar .....	4
1.2.1 Vesturhlið.....	4
1.2.2 Norðurhlið.....	6
1.2.3 Austurhlið .....	7
1.2.4 Gripir.....	8
1.2.5 Niðurstöður .....	8
2. Fornleifarannsókn í vegstæði - svæði B.....	9
2.1. Mannvirki.....	11
2.1.1 Mannvirki 1 – Undirstöður 18. eða 19. aldar mannvirkis?.....	11
2.1.2 Mannvirki 2 – Síðasti torfbærinn í Nesi .....	13
2.1.3 Mannvirki 3 – herbergi norðan ganga.....	24
2.1.4 Mannvirki 4 – undir göngum .....	26
2.1.5 Mannvirki 5 – göng?.....	28
2.5 Mannvirki 6 – íveruhús? .....	30
3 Húsgrunnur norðan Nesstofu - Svæði C .....	32
3.1 Mannvirki 7 – timburhús?.....	32
4 Umræða og niðurstöður .....	35
5 Einingaskrá .....	36
6 Fundir og fundaskrá .....	40
7 Heimildir .....	54

# Nes við Seltjörn 2006

Á árinu 2006 fóru fram tvær fornleifarannsóknir við Nesstofu. Sú fyrri var gerð vegna drenlagnar við norðurhlið útbyggingar í febrúarmánuði. Sú síðari var gerð vegna lagningu nýs vegar heim að húsinu. (Sjá yfirlitskort á bls. 9). Hér að neðan er framvinduskýrsla um þessar rannsóknir. Inn í þær eru tvinnnaðar hugmyndir og tilgátur um hvaða minjar komu í ljós við rannsóknirnar.

## 1. Fornleifakönnun vegna drenlagnar – Svæði A.

### 1.1 Aðdragandi

Vegna rakaskemmda í veggjum útbyggingar Nesstofu var talið nauðsynlegt að grafa fyrir drenlagn meðfram veggjunum, áður en gengið yrði frá hellulagðri stétt umhverfis húsið. Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa var fenginn til þess að annast fornleifaefirlit á vettvangi, sem fór fram á tímabilinu 4. - 17. febrúar. Vegna umhleyppinga, slagveðurs og mikils frostakafla á þessu tímabili þurfti að sæta lagi og grafa þegar veður leyfði. Anna Rut Guðmundsdóttir fornleifafræðinemi var fengin frá Hólarannsókninni til þess að annast allar uppmælingar á hleðslum inn í alstöð og uppgrftarforritið Intrasis. Haraldur Helgason verkefnisstjóri húsasafns Þjóðminjasafns mælti fyrir um framkvæmdir og aðstoðaði við uppgröft. Við mælingarnar voru notaðir fastapunktur sem settir höfðu verið niður árið 2005 af Seltjarnarnesbæ og hnitamældir eru í Ísnet 93. Hreinn Sigurjónsson var gröfumaður á staðnum.

### 1.2 Vettvangsrannsókn í febrúar

Byrjað var að leita að föstum hnitapunktum fyrir rannsóknina. Hnitapunktarnir voru á fjórum 1 m löngum járnörum sem rekin voru niður, austan, sunnan og norðan við Nesstofu. Nokkrum erfiðleikum reyndist bundið að staðsetja hnitapunktana, sem fundust ekki fyrir en beitt var málmleitartæki. Punktur 1 var horfinn. Punktur nr. 2 fannst norðan við Nesstofu á um 5 cm dýpi undir yfirborði. Hann er 15 m norðan við NV-horn Nesstofu. Punktur 3 suðvestan við Nesstofu fannst ekki, þó að málmleitartækið gæfi sterkt útslag þar sem teikningin sýndi að hann ætti að vera og grafið væri niður á um 10 cm dýpi. E.t.v. var járnstöngin þar komin enn dýpra í jörð. Vegna frosts í jörðu var ekki grafið dýpra eftir punktinum. Punktur 4 er 5,75 m SA af minnismerki um Neskirkju. Við allar hnitamælingar var notast við hnitapunkta 2 og 4. Svæðið sem var rannsakað við útbygginguna var nefnt svæði A.

#### 1.2.1 Vesturhlið

Laugardaginn 4. febrúar var byrjað að grafa með vélgröfu um 1 m breiðan skurð meðfram vesturhlið útbyggingar Nesstofu.

Á um 10 - 20 cm dýpi komu í ljós leifar af sökkli hússins sem er allt að 30 cm breiðari en sjálfur húsveggurinn. Líklega sýnir hæð sökkulsins hvar upphaflegt yfirborð umhverfis húsið hefur verið þarna við norðanverða Nesstofu. (Hæðir eru hér mældar frá neðstu brún á þússningu hússins við núverandi yfirborð).

Á um 1 m dýpi var komið niður á leifar af um 1 m breiðri grjóthleðslu þvert fyrir miðjum skurði. Grafan hafði fjarlæggt efsta hluta hennar. Einnig mátti greina dökkt mannvistarlag á um 1 m dýpi sem virtist vera gólfskán,



*Mynd 1. Skurður við vesturhlið útbýggingar. Efst sést múrhúð sem sýnir hvar yfirborð jarðvegs var fyrir rannsókn. Þar undir er um 20 cm niður að sökkli hússins, sem sýnir líklega upphaflegt yfirborð umhverfis Nesstofu. Sökkullinn er úr grjóti og um 15 – 20 cm breiðari en veggurinn. Í botni skurðarins fyrir miðju, sjást leifar af innri og ytri veggjarbrún grjóthleðslu sem liggur þvert yfir skurðinn. Sótblandin gólfskán var í horninu, hægra megin við vegginn (GÓL2006-1-16).*

blönduð sóti og viðarkolaögnum, og sem tengist líklega hleðslunni. Gólfskánin virðist hafa verið sunnan hleðslunnar inn í horni skurðarins, en vegna bleytu og þrengsla reyndist því miður var ekki unnt að átta sig nánar á samhengi þessara mannvistarlaga.

Grafið var niður á um 1,5 m dýpi í skotinu þar sem útbýggingin liggur að Nesstofu vestanverðri til að kanna dýpt sökkuls, en hann reyndist ná enn lengra niður en skurðurinn, þannig að botn sökkuls fannst ekki.

Norðanlega við vesturhliðina virtust vera leifar af annarri grjóthleðslu, nokkurn veginn samsíða hinni. Hún liggur í austur - vestur út frá norðvesturhorni útbýggingarinnar. Ekki reyndist unnt að átta sig frekar á samhengi þessarar hleðslu við önnur mannvirki. Hleðslurnar sem fundust við vesturhliðina voru á um 70 - 80 cm dýpi.

Steinar sem komu í ljós í skurðinum voru mældir upp og síðan fjarlægðir svo að hægt væri að grafa áfram niður. Meðfram vesturhlið var skurðurinn grafinn niður á 1,2 m dýpi. Fleiri hleðslur komu þar ekki í ljós, en undir skurðbotninum varð vart við steina, sem bentu til eldri veggjahleðslna, enn neðar, og alls staðar voru mannvistarlæg í botni, ýmist hreyfðar torfmoldir eða mold og móaska.





*Mynd 2. Norðurhlið útbýggingar Nesstofu og steinlögð þar rétt undir yfirborði. Hellurnar norðan við sökkulinn virðist hafa tilheyrt hellulögð sem liggur upp að Nesstofu og sums staðar ofan á sökkulinn. Hugsanlega er þetta hluti af stétt sem lögð var umhverfis Nesstofa. Neðst fyrir miðju sést í stóra hornsteininn í sökklinum við norðvesturhorn hússins. (GÓL2006-1-15).*

### **1.2.2 Norðurhlið**

Er grafið var meðfram norðurhlið viðbýggingarinnar komu strax fram leifar af 40 - 50 cm breiðri hellulögð upp við húsið. Hellulögnin þar fyrir norðan er rofin af skurðum fyrir rafmagn og holræsi. Hreinsað var ofan af hellunum með skóflum og múrskaiðum.

Norðan við Nesstofu hefur verið lögð ný stétt úr tilhöggnu grjóti. Hæð á norðurbrún hentar mældist í 14,24 m hæð yfir sjávarmáli, en mesta hæð á gömlu stéttinni sem kom í ljós upp við húsið norðanvert mældist vera í 14,08 m yfir sjávarmáli, eða um 16 cm lægri en nýja stéttin.

Ýmsir gripir komu í ljós þegar hellurnar voru hreinsaðar fram og skurðurinn grafinn. Flestir lágu ofan á hellunum eða í því yfirborði.


Norðan við grjóthleðslu við NV-hornið kom í ljós torfhleðsla sem í voru ljósgular, brúnar og rauðbrúnar torfur.

Grjótið í sökklinum virtist hafa verið lagt með nokkurri umhyggju, og ekki hent einhvern veginn í gryfjuna. Steinunum virðist hafa verið raðað saman, þannig að flöt hlið sneri út. Við NV-hornið, á um 50 cm dýpi, var stór og greinilegur hornsteinn, um 70 cm breiður og um 50 cm hár. Þessi steinn stóð nokkuð út úr sökkulhleðslunni.

Í móöskulagi við NV-hornið, sem virðist vera undir stéttinni, voru mörg brot úr stórrí, brúnni leirkrús og glerflöskum.

Eftir að steinar sem hreinsað hafið verið frá við norðurhlið höfðu verið mældir inn í alstöð voru þeir fjarlægðir. Þversnið sem sýnir afstöðu mannvistarlaga við NV-hornið var skissað upp.

Leifarnar af stéttinni þarna norðan við útbygginguna benda til þess að upphafleg stétt hafi getað verið um 10 – 20 cm neðar og að þegar jarðvegryfirborðið hækkaði hafi einu nýju steinalagi verið bætt ofan á.



Mynd 3. Skissa af mannvistarlögum við norðvestur horn. Efst er uppfylling. Þá hellulögn og undir henni er blönduð mold. Þá koma þunn lög af viðarkolum og móösku. Undir þeim er uppfylling og blönduð mold. Neðst er torfhleðsla og steinn til hliðar við hana. Til vinstri sést aðeins í lagnaskurð sem liggur um 80 - 90 cm norðan við húsið.

### 1.2.3 Austurhlið

Er grafið var frá austurhlið viðbyggingar kom í ljós steypur stöpull og rör frá hitalögn. Steypiti stöpullinn við austurhliðin er um 80 x 130 cm breiður. Hann er 130 cm frá N-gaflí Nesstofu og nær að norðurbrún glugga.

Sökkull hússins nær um 30 cm út fyrir vegginn, eins og annars staðar. Sökkullinn byrjar um 45 cm undir múrhúð. Í skurðinum komu fram nokkrir stórir steinar á um 50 - 70 cm dýpi, miðað við múrhúð. Á um 80 cm dýpi kom fram þykkt dökkgrátt leirkennt lag og í því voru stórir steinar á dreif, án þess að hægt væri að segja að þeir væru í hleðslu, eða hrúni úr hleðslu.

Ekki komu fleiri steinar úr stéttinni í ljós við norður- eða austurhlið. Á um 80 cm dýpi við norðausturhlið kom í ljós allstór blettur (um 20 - 30 x 1 cm) af svartri gjósku. Líklega er um að ræða Kötlu ~1500 lagið, og virtist lagið vera þar náttúrulega fallið. Þar undir var öskuhaugalag með móösku og svartri og sótblandaðri mold ásamt brenndum beinaögnum og skeljabrotum.



Við norðausturhornið, neðst í skurðinum á um 1,2 m dýpi, var einnig komið niður á hleðslu úr ljósgulum, brúnum og rauðbrúnum torfum. Miðað við afstöðu við svarta gjóskulagið gæti þessi hleðsla e.t.v. verið frá 15. – 16. öld. Hugsanlega er torfhleðslan sem fannst við norðvesturhornið og þessi hleðsla, sú sama, eða hluti af sama mannvirki.

Greinilegt er að leifar eldri mannvirkja eru alls staðar undir uppfyllingunni sem var á yfirborðinu, en ekki unnt að átta sig nánar á samhengi þeirra.

#### 1.2.4 Gripir

Við rannsóknina fundust brot úr 35 gripum. Þeir komu úr efstu mannvistarlögum og eru aðallega leirkera- og postulínsbrot frá 18. og 19. öld. Gripum sem komu í ljós við rannsóknina var safnað saman í aðskilda poka án nánari staðsetningar. Þannig fundust 5 gripir við vesturhlið, við NV-horn voru 14 stk. og við norðurhliðina fundust 6 gripir eða brot.


*Mynd 4. Austurhlið útbyggingar. Við hornið sést að sökkullinn er allt að 30 cm breiðari en veggurinn. Efstu steinarnir eru flatir, og hafa hugsanlega markað upphaflegt yfirborð hússins. Steyptur sökkull fyrir miðri hliðinni er líklega síðari tíma styrking við vegginn.*



#### 1.2.5 Niðurstöður

Helsta niðurstaða þessarar könnunar var sú að á um 60 – 80 cm dýpi umhverfis húsið eru víða leifar af eldri byggingarleifum. Nefna má að veggur lá út frá miðri vesturhlið og annar var við norðvesturhorn. Hellulögn var við norðurhliðina. Undir henni voru veggjaleifar og við austurhlið voru enn aðrar veggjaleifar. Í jafn mjóum skurði og hér var grafinn, þar sem svo mörg og flókin mannvistarlög eru til staðar, eru litlir möguleikar á að átta sig á hlutverki eða samhengi þessara minja, nema að rannsóknarvæðið verði stækkað verulega. Mannvirkjunum hefur verið spillt allmikið af nokkrum eldri lagnaskurðum sem grafnir hafa verið án fornleifaeftirlits, og við frekari framkvæmdir á svæðinu þarf að gæta þess að ekki verði hróflað við bæjarhólnum án undangenginnar rannsóknar.





Mynd 5. Svæði sem rannsökuð voru við Nesstofu 2006 eru gul. Svæði A) er skurðurinn umhverfis útbyggingu. B) er í vegstæði að Nesstofu og C) er norðan við nýlagða stétt.

## 2. Fornleifarannsókn í vegstæði - svæði B

Þegar skipta átti um jarðveg í aðkeyrslu heim að Nesstofu á vegum Seltjarnarnessbæjar í maí komu í ljós leifar af vel varðveittum byggingum og öðrum mannvistarleifum rétt undir yfirborði. Kristinn Magnússon, fornleifafræðingur hjá Fornleifavernd ríkisins fylgdist með þegar jarðvegur var hreinsaður ofan af svæðinu. Af hálfu fornleifaverndar var talið nauðsynlegt að gera fornleifarannsókn á svæðinu áður en heimild yrði gefin til þess að fjarlægja minjarnar.

Seltjarnarnesbær óskaði eftir því að Þjóðminjasafnið tæki rannsóknina að sér. Guðmundur Ólafsson stjórnaði rannsókninni sem stóð yfir dagana 11. - 27. maí 2006. Aðrir þátttakendur voru Anna Rut Guðmundsdóttir, MA nemi í fornleifafræði (11/5-12/5), Berglind Þorsteinsdóttir, nemi í fornleifafræði (15/5-26/5), Davíð Bragi Konráðsson, nemi í fornleifafræði (15/5-26/6, Guðmundur Stefán Sigurðsson, MA nemi í fornleifafræði (15/5-26/6), Hrafnkell Brimar Hallmundsson, nemi í fornleifafræði (24/5-26/5), Kristín Þráinsdóttir, BA í fornleifafræði (11/5-26/5), Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, BA í fornleifafræði (15/5-26/5) og Sigríð Cecilie Juel Hansen, MA nemi í fornleifafræði (11/5-24/5).

Rannsóknin hefur sama rannsóknarnúmer í Sarpi og uppgröfturinn sem fram fór í febrúar, þ.e. **2006-9**. Rannsóknin fékk einnig málnúmerið **2006050012** í skjalavörslukerfinu GóPró.

Eins og fyrri rannsóknir við Nesstofu voru allar mælingar á steinum, lögum, gripum og sýnum unnar í uppgrftarforritið Intrasis. Teikningar af svæðinu og önnur gagnavinnsla er unnin úr því forriti.

Svæðið sem rannsakað var um 16 m langt og um 6 m breitt austast, en breiðkar til vesturs og er um 12 m breitt upp við bæjarstéttina. Það erum 180 m<sup>2</sup> að flatarmáli og var

nefnt svæði B. Norðan við Nesstofu var auk þess hreinsað ofan af um 28 m<sup>2</sup> húsgrunni (um 4 x 7 m) og hann kannaður að hluta. Það svæði var nefnt svæði C.

### **Fasthnitapunktur í ISN 93:**

Notaðir voru áfram tveir fasthnitapunktur sem settir voru niður 2005:

**P2** = 409608,374/353725,033 H14,415 - Rör í yfirborði, um 15 m norðan við NV-horn Nesstofu.


**P4** = 409570,140/353771,355 H13,039 - Rör í yfirborði, um 5,75 m suðaustur af minnismerki um kirkju.

Þegar rannsókn hófst var búið að fjarlægja efstu jarðlögin ofan af svæðinu með vélgröfu. Byggingarleifar höfðu komið í ljós um 20 - 40 cm undir yfirborði í vestur hluta svæðisins en á 60 - 80 cm dýpi í austurhluta þess.

Byrjað var að hreinsa ofan af steinaröðum sem í ljós höfðu komið, rétt undir yfirborði. Yfir öllum mannvirkjaleifum virðist hafa verið blandað moldarlag, sem í eru skeljar, bein og margir gripir, einkum úr gleri, postulíni og járn. Þetta er blandað ruslslag, líklega frá 18. og 19. öld. Svo virðist sem jafnað hafi verið úr sorphaug Nesbæjarins þannig að hann hafi dreifst um allt svæðið. Í norðurhluta svæðisins fannst m.a. hrúga af postulínsbrotum úr skál og könnu.

Austarlega á svæðinu, fyrir miðju komu fljótlega fram tvær samliggjandi steinaraðir sem snéru í austur - vestur. Framhlið þeirra snéru að hvor annarri, sem bendir til þess að þarna hafi verið um 60 - 80 cm breiður gangur eða göng. Röð af timburborðum kom í ljós á milli steinaraðanna og þegar hún var könnuð betur reyndist hún vera hlíf yfir jarðstreng fyrir síma sem grafinn hafði verið niður og lá skurðurinn eftir endilöngum göngunum.

Fljótlega varð ljóst að flestar minjarnar höfðu tilheyrð síðasta bænum í Nesi, sem stóð þarna áður en Nesstofa var byggð. Bæjargöngin og veggir að þeim þóttu vera svo vel varðveitt að ákveðið var í samráði við Seltjarnarnesbæ og hönnuð svæðisins að taka tillit til minjanna, eins og kostur væri og varðveita göngin og gera þau sýnileg í hönnuninni.



Mynd 6. Teikning af byggingum landlæknis við Nesstofu, líklega um árið 1780. Þarna standa hús gamla bæjarins ennþá vestan við bæinn og ná alveg suður fyrir Nesstofu. Gamall sorphaugur er fyrir norðan Nesstofu. Við suðurgafllinn virðist vera steinlögn og nokkru sunnar eru útihús. (Teikn. Aage Nielsen Edvin, úr bókinni *Lækningar og saga*).


Þegar rannsókn lauk höfðu miklar byggingarleifar og nokkur byggingarskeið komið í ljós. Yngstu mannvirkin (mannvirki 1 og mannvirki 7) virtust vera yngri en Nesstofa, eða frá 18. öld eða fyrri hluta 19. aldar. Þá komu í ljós leifar torfbæjar, sem virðast hafa verið hluti af gamla bænum í Nesi, sem stóð þegar Nesstofa var reist (mannvirki 2). Einnig fundust leifar af

eldri mannvirkjum sem ekki voru rannsökuð frekar (mannvirki 3 – 6), þar sem þau lágu á meira dýpi en grafa þurfti vegna framkvæmdanna. Slík takmörkun á rannsóknarsmöguleikum skerðir mjög mikið það upplýsingamagn sem hægt væri að afla, en ræðst einfaldlega af þeim kostnaði sem framkvæmdaaðili er reiðubúinn að leggja í rannsókn.

Bærinn virðist vera frá 18. öld hefur hugsanlega staðið fram undir aldamótin 1800. Þar sem grafið var undir bæinn var alls staðar komið niður á annað eldra byggingarskeið bæjarins. Leirkersbrot sem fannst ofarlega í þeirri byggingu bendir til þess að hann geti verið frá 16. - 17. öld. Á milli þessara byggingarskeiða er allt að 20 cm þykkt ruslslag.

## 2.1. Mannvirki

### 2.1.1 Mannvirki 1 – Undirstöður 18. eða 19. aldar mannvirkis?



Mynd 7. Yfirlitsteikning af svæði B. Litaði flöturinn sýnir svæðið og steinana sem tilheyra hugsanlega mannvirki 1 sem reist hefur verið ofan á leifar gamla bæjarins (Uppdráttur S. Juel).

Á suðurhluta svæðis B fyrir miðju var þyrping steina sem virtist liggja ofan á torfveggnum sem myndar suðurhlið bæjarganganna. Steinþyrpingin nær áfram suður fyrir vegginn og er þar um 30 cm yfir gólfi. Þetta bendir til þess að steinarnir séu leifar af sökkli eða gólfi húss sem sé yngra en gamli bærinn og reist var þarna eftir að hann var rifinn. Lagnaskurður, sem liggur þvert í gegn um þetta svæði, hefur líklega eyðilagt stóran hluta þessa mannvirkis.

Steinarnir hafa verið lagðir þannig að þeir mynda þetta steinpakkningu og sumum steinum hefur verið raðað upp á endann. Skörp skil eru á hleðslunni til austurs. Grjótið virðist vera úr eldri hleðslum. Steinhleðslan hefur líklega upphaflega náð lengra til suðurs, en lagnaskurður sem liggur meðfram öllu uppgraftarsvæðinu sunnanverðu, hefur skorið hana sundur.





*Mynd 8. Steinabyrping sem liggur ofan á hleðslum gangaveggjanna og heldur áfram til suðurs. Hugsanlega eru þessir steinar leifar af undirstöðu byggingar frá 19. öld. Ofarlega fyrir miðju er brot af fiskasleggju úr steini. Til vinstri sést lagnaskurður sem hefur eyðilagt hluta af byrpingunni. (GÓL 2006-03-04).*

Steinaraðir sem liggja þvert yfir gangavegginn nokkru vestan við steinpakkninguna gætu hafa tilheyrt þessu mannvirki. Vegna þess hve varðveittar leifarnar eru brotakenndar og samhengi rofið við önnur mannvistarlög, er þó ekki hægt að fullyrða endanlega um aldur eða hlutverk steinanna.

Þó að staðsetning þeirra bendi til þess að þeir séu yngri en gamli bærinn, er ekki alveg hægt að útiloka að steinarnir hafi verið hluti af einu af síðustu byggingarskeiðum bæjarins. Ef svo er hafa þeir hugsanlega legið í inngangi sem var á milli ganga og búrs.



## 2.1.2 Mannvirki 2 – Síðasti torfbærinn í Nesi




Mynd 9. Horft til vesturs yfir leifar bæjarganganna í Nesi. Við enda ganganna, fremst á myndinni, við enda veggjanna sést í gólfhellur bæjardyranna (GÓL2006-07-02).

Stór hluti mannvirkja og mannvistarleifa sem fundust í vegstæðinu heim að Nesstofu virðast tilheyra leifum síðasta bæjarins í Nesi sem stóð þar áður en Nesstofa var reist. Bærinn virðist hafa verið áfram í notkun eftir að Nesstofa var reist, þó einhver hluti hans hafi líklega verið rifinn. Það vekur sérstaka athygli hvað Nesstofa hefur verið byggð nálægt gamla bænum. Hún hefur verið reist fyrir framan gamla bæinn, aðeins um tveim metrum vestan við hann. Framan við gamla bæinn var hlað, alsett um 20 – 50 cm stórum hellum.

Við samanburð á úttekt sem til er frá 1780 virðist líklegt að þetta séu leifarnar af bænum frá þeim tíma. Dregnar voru upp skissur af nokkrum tilgátum af því hvernig niðurröðun herbergja gæti hafa verið í bænum samkvæmt úttektinni, miðað við þær minjar sem fundust. Bæjargöngin sem liggja frá austri til vesturs eftir svæðinu og vel varðveittir hlaðnir veggir beggja vegna við þau eru mjög greinileg og mátti fylgja þeim í allt að 12 - 13 m til austurs. Göngin á milli veggjanna eru frá um 70 cm til 100 cm breið. Þessi göng hafa verið lögð til grundvallar við allar tilgátur um hvernig herbergjaskipan hafi verið í bænum.

Á mynd 10 hér að neðan er sýnd ein tilgáta af herbergjaskipan bæjarins. Rétt er að hafa í huga að uppgrafarsvæðið nær aðeins yfir hluta bæjarins, þannig að enn vantar mikið upp á að þessi mynd sé fullkomin. Bæjarhúsin hafa haldið áfram til suðurs. Ef hellulögnin fyrir framan bæinn er vísbending um hve langt til suðurs bærinn hefur náð þá virðist hann hafa náð suður fyrir horn Nesstofu. Einnig hefur bærinn líklega einnig náð eitthvað lengra til norðurs.

Eftirfarandi uppdrættir eru fyrstu vinnuhugmyndir um hvernig bæjarhúsin gætu hafa litið út. Gera má ráð fyrir að þessar hugmyndir eigi eftir að taka breytingum og skýrast betur ef rannsókn verður haldið áfram á bæjarstæðinu.



Mynd 10. Leifar af mannvirki 2 og áætlaðar útlínur herbergja þess hluta bæjarins sem var rannsakaður. Brúnn litur táknar veggi og gulur litur táknar gólf eða hellulagnir. Ef gengið er út frá bæjaskipan í úttekt frá 1780, ættu A og B að vera gangaveggir. C) göngin á milli þeirra. D) eru þá bæjardyr, E) er stofa, F) er búr, G) skáli, H) skálahús, I) eldhús, J) baðstofa, K) hlað fyrir framan bæinn. M) er Nesstofa og N er kantur á stétt sem hlaðinn var umhverfis Nesstofu, eftir að gamli bærinn var rifinn.

### 2.1.2.1 Úttekt á bæjarhúsum í Nesi frá um 1790

Við rannsóknir sínar á Nesstofu hafa Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Harðardóttir fundið ýmis gögn um eldri byggð í Nesi. Meðal annarra gagna er til nokkuð góð úttekt á bæjarhúsum í dánarbússkjölum Bjarna Pálssonar landlæknis frá árinu 1790, en hann dó um 1780. Í lýsingunni kemur afstaða bæjarins við Nesstofu ekki fram, en með því að bera lýsinguna saman við byggingarleifarnar sem grafnar voru fram má væntanlega fá úr því skorið. Hér verður reynt að nota úttektina til þess að átta sig betur á því hvaða herbergi og húshlutar hafa fundist við rannsóknina og afstöðu bæjarins við Nesstofu. Lýsingin sem fer hér á eftir er með nútímastafsetningu:<sup>1</sup>

1. **Bæjardyr** eru 9 álnir að lengd, Íslands mál, og 3½ alin að breidd. Hæð frá gólfi til bita og til mænitróðu er 3 álnir með standþili fyrir framan upp í gegn.
2. **Stofan** austur úr Bæjardyrum er 7 álnir.
3. **Skálinn** að vestan verðu á móti stofu er 8 álnir að lengd og 4 ½ alin á breidd.
4. **Skálhús** inn af þessum skála er afþiljað og 4 álnir að lengd.
5. **Búrið** er austur af göngum 9 álnir að lengd og 3¼ alin á breidd.
6. **Eldhús** innar af bæjardyrum er 7 álnir.

<sup>1</sup> Á bls. 214 hefst staðarúttekt á Nesi Guðmundur Vigfússon, Þórður Einarsson, Guðmundur Loðvensson uppskrifuð sú af hans Kongel. Mayts til þess medicinska brugs í Islande allranádugast destinerada Jörð Nes við Seltjörn, og billegt álag gjört þess þess þá fyrer fanst brostfeldugt og ej i leigufæru stande og fyrer fanst greind Jörð með tilheyrande áfbýlum í fylgjiiande Tilstande. (Afskrift Guðrún Harðardóttir)

7. **Göng** frá eldhúsi til baðstofu eru 7 álnir og 2 álnir á breidd.
8. **Baðstofa** er 16 álnir á lengd og 5 álnir á breidd. (Sængurhús vestur af baðstofu er horfið, en var lengst um 4 álnir).
9. **Skemma** er fyrir vestan bæinn 9 álnir á lengd og 5 álnir á breidd (smíðja).
10. **Fjosið** er með 7 básum fyrir 11 naut, 15 fet á breidd.
11. **Heygarður** áfastur við fjosið.
12. **Hjallur** norður við sjóinn.
13. Eitt **húsmannshús** að vestanverðu við bæinn, sem ekki fylgir neitt gras... (smábýli).
14. **Húsgarður** frá húsmannshúsi að norðanverðu til kirkjugarðs 8 faðmar að lengd hefur verið niður í grunn fallinn.
15. **Tómthús**. Í staðinn fyrir það annað húsmannshús norðan við bæinn sem fyrir áminnsta úttekt af 1762 umgetur, hefur landlæknir látið uppbyggja vestan til í túninu eitt annað tómthús, er Nýlenda kallast.
16. **Túngarður**. Á austursíðu heima hússins er túngarður af torfi, 68 faðmar á lengd... og á vestur síðu túnsins er grjótgardur 35 faðmar á lengd.

Þegar framangreind úttekt er borin saman við rústirnar og hvernig göngin liggja, virðast áttirnar sem gefnar eru upp í úttektinni ekki passa við réttar seguláttir. Samkvæmt úttektinni snýr framhlið bæjarins móti suðri, stofa austan megin og skáli vestan megin við bæjardyr. Samkvæmt þessu ættu gögnin að hafa legið til norðurs frá bæjardyrum. Þetta virðast hins vegar vera staðbundin áttavísun því að í raun snýr framhlið bæjarins í vest- norðvestur. Skálinn er þá norð- norðaustur af bæjardyrum, ekki í vestur, og stofan er í suð- suðvestur af bæjardyrum, ekki austur af þeim. Þetta verður að hafa í huga þegar úttektarlýsingarnar eru bornar saman við minjarnar.

### 2.1.2.2 Mælieiningar á 18. öld

Í úttektinni er talað um að notað hafi verið Íslands mál, sem á líklega að vera íslensk alin. Samkvæmt niðurstöðum Gísla Gestssonar sem rannsakaði gamla álnakvarða<sup>2</sup>, voru nokkrir mælikvarðar í notkun á 18. öld. Álnirnar nefndust ýmsum nöfnum svo sem Hamborgaralin, dönsk alin eða íslensk alin, og voru allar álnir ekki jafnlangar. Ef bera á saman lýsingar í úttektum við uppgrafnar rústir þarf að finna út hvaða alin var notuð við úttekt á húsunum. Til þess að komast að því voru málsetningar úttektarinnar settar upp í töflu og breytt í metra miðað við lengd hverra ofangreindra álna.

### Íslensk alin eða Hamborgaralin

Íslensk alin, sem einnig var kölluð Hamborgaralin, var 57 cm löng.

Íslenskum álnum (Hamborgarálnum) breytt í metra						
Herbergi	Íslensk alin	Lengd í álnum	Br. í álnum	Lengd í metrum	Br. í metrum	Fermetrar
Bæjardyr	0,57	9	3,5	5,13	2,00	10,23
Stofa, austur (S) úr bæjardyrum	0,57	7	3,5	3,99	2,00	7,96
Skáli, á móti stofu (N)	0,57	8	4	4,56	2,28	10,40
Skálhús, inn af skála	0,57	4	4	2,28	2,28	5,20
Búr, austur (S) af göngum	0,57	9	3,25	5,13	1,85	9,50
Eldhús, innar af bæjardyrum	0,57	7	3,5	3,99	2,00	7,96
Göng, frá eldhúsi til baðstofu	0,57	7	2	3,99	1,14	4,55
Baðstofa	0,57	16	5	9,12	2,85	25,99
Sængurhús, vestur (N) af baðstofu	0,57	4	5	2,28	2,85	6,50
Fermetrafjöldi hússins:						88,29

<sup>2</sup> Gísli Gestsson 1969:45-78. Álnir og kvarðar. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1968.



Í ofangreindri töflu eru öll herbergi sem koma fyrir í úttektinni talin upp og álnum breytt í metra, miðað við að notuð hafi verið íslensk 57 cm löng alin. Í gulu reitunum eru áætlaðar tölur út frá líkum, þar eð breiddin var ekki tilgreind sérstaklega. Samkvæmt því eru tilgreind herbergi í bænum rúm 88 fermetrar.

### Forn íslensk alin

Ef miðað er við forna íslenska alin sem talin er hafa verið 47 – 49 cm löng þá minnkar umfang bæjarins nokkuð, eða úr 88 fermetrum niður í tæpa 65 fermetra.

Fornum íslenskum álnum breytt í metra						
Herbergi	Forn alin	Lengd í álnum	Breidd í álnum	Lengd í metrum	Breidd í metrum	Fermetrar
Bæjardyr	0,49	9	3,5	4,41	1,72	7,56
Stofa, austur (S) úr bæjardyrum	0,49	7	3,5	3,43	1,72	5,88
Skáli, á móti stofu (N)	0,49	8	4	3,92	1,96	7,68
Skálhús, inn af skála	0,49	4	4	1,96	1,96	3,84
Búr, austur (S) af göngum	0,49	9	3,25	4,41	1,59	7,02
Eldhús, innar af bæjardyrum	0,49	7	3,5	3,43	1,72	5,88
Göng, frá eldhúsi til baðstofu	0,49	7	2	3,43	0,98	3,36
Baðstofa	0,49	16	5	7,84	2,45	19,21
Sængurhús, vestur (N) af baðstofu	0,47	4	5	1,88	2,35	4,42
Fermetrafjöldi hússins:						64,86

### Dönsk alin

Ef notaðar eru danskar álnir sem voru 62,77 cm langar þá stækkar bærinn upp í 107 fermetra.

Dönskum álnum breytt í metra						
Herbergi	Dönsk alin	Lengd í álnum	Breidd í álnum	Lengd í metrum	Breidd í metrum	Fermetrar
Bæjardyr	0,6277	9	3,5	5,6493	2,20	12,41
Stofa, austur (S) úr bæjardyrum	0,6277	7	3,5	4,3939	2,20	9,65
Skáli, á móti stofu (N)	0,6277	8	4	5,0216	2,51	12,61
Skálhús, inn af skála	0,6277	4	4	2,5108	2,51	6,30
Búr, austur (S) af göngum	0,6277	9	3,25	5,6493	2,04	11,52
Eldhús, innar af bæjardyrum	0,6277	7	3,5	4,3939	2,20	9,65
Göng, frá eldhúsi til baðstofu	0,6277	7	2	4,3939	1,26	5,52
Baðstofa	0,6277	16	5	10,0432	3,14	31,52
Sængurhús, vestur (N) af baðstofu	0,6277	4	5	2,5108	3,14	7,88
Fermetrafjöldi hússins:						107,07

Samkvæmt ofangreinum útreikningum getur flatarmál þeirra bæjarhúsa sem tekin voru út verið allt frá 64 m<sup>2</sup> í 108 m<sup>2</sup>, eftir því hvaða alinmál er notað. Það skiptir því miklu máli að komast að því hvaða alinmál var notað við úttektina. Hér að neðan verður fjallað um einstök herbergi og niðurstöður rannsóknarinnar bornar saman við úttektina, og reynt að bera kennsl á einstök herbergi.





Mynd 11. Horft til vesturs yfir bæjargöng síðasta bæjarins í Nesi. Steinaröðin sem er að koma í ljós undir bæjargöngunum tilheyrir mannvirki 4. Neðst til hægri eru leifar af veggjum og gólfi eldri bæjar (mannvirki 5), e.t.v. frá 16. öld. Útlínur á rafmagnsskurði [24428] (með gulu plaströri) og holræsaskurði þar norðan við [24464] afmarka uppgriftarsvæðið til norðurs. Við Nesstofu sést ný stétt sem verið er að leggja umhverfis húsið. (GÓL2006-07-11.

### 2.1.2.3 Göng, austur úr bæjardyrum.

Greinilegustu minjarnar sem fundust á svæði B voru tvær samsíða veggjahleðslur sem lágu eftir svæði B frá suðaustri til norðvesturs. Suðurveggurinn (A á mynd 10) var rúmlega 13 m langur og 1,5 m breiður. Norðurveggurinn (B á mynd 10) var um 11 m langur og 1 m breiður. Bilið á milli veggjanna var 1 m breitt að vestanverðu, en dróst aðeins að sér austast þar sem það var 0,7 m breitt (C á mynd 10). Báðir veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og virtust fylltir upp með mold og torfusneplum. Gangaveggurinn er um 35 cm hár og eru varðveittar í honum 2 - 3 neðstu steinaraðirnar. Ekki sást móta fyrir einstökum torfum í gangaveggjunum, eins og hægt var víða í hleðslum annars staðar á svæðinu

Í göngunum var ekki hægt að greina eiginlega gólfskán. Mannvistarlögin þar voru blönduð mold og móösku. Að hluta til getur þetta stafað af því að lagnaskurður hafði verið grafinn eftir göngunum endilöngum og þar með eyðilagt mestan hluta mannvistarlaganna. Móöskulagið [23852] [23895] var um 2 - 10 cm þykkt og þynntist til vesturs. Undir því er um 20 cm þykkt gólf eða ruslaga. Það er að mestu blönduð brún mold og ekki dæmigerð gólfskán. Hugsanlega er þetta ruslaga sem er eldra en göngin og hefur orðið til eftir að neðra byggingarskeiðið var tekið úr notkun. Torfusneplar, á víð og dreif í göngunum, virðast vera hrun úr vegg eða þaki. Innan um þá eru leifar af hreyfðri mold, móösku og beinaleifum.

Tvær stoðarholur komu í ljós í vesturhluta ganganna. Önnur [24502] var ferhyrnd að lögun en hin [24507] var hringlaga. Fremur fáir gripir fundust í göngunum.

Vesturendi gangaveggjanna er mjög greinilegur, en austurhluti gagnanna var horfinn, eyðilagður af framkvæmdum.



Mynd 12. Neðst er syðsti hluti hellugólfs í bæjardyrum. Horft er þaðan til austurs yfir jurtaleifar í gólflagi á svæði E, sunnan gangaveggjar. Stallurinn til hægri er hitaveituskurður sem sker sundur minjasvæðið sunnanvert. (GÓL 2006-03-11).

#### 2.1.2.4 Hellulögn (bæjardyr?)

Vestan við enda ganganna er hellulagt gólf (D á mynd 10). Þessi hellulögn er um 40 cm neðar en ný stétt sem verið er að leggja umhverfis Nesstofu. Sýnileg breidd hellugólfsins er um 0,7 m en hellurnar halda áfram til vesturs inn undir stéttina, þannig að heildarbreidd er óviss. Ofan á hellulögninni er um 5 - 6 cm þykkt fiskbeinalag. Það er sunnan við vegg nr. [22788]. Það eru líklega leifar forstofunnar sem nefnd er bæjardyr í úttektinni.

Hellurnar ná að norðurhlið nyrðra gangaveggs og til suðurs að breiðum lagnaskurði, sem sker hellulögnina sundur. Ef gert er ráð fyrir að hellulögnin framan við húsið sé leifar af hlaði, er hægt að áætla nokkurn veginn hve langt til vesturs forstofan hefur náð. Samkvæmt því hefur heildarbreidd forstofunnar verið um 1,5 til 1,7 m breið og a.m.k. 4 m löng. Það passar við málin í fornum íslenskum álum.

Í úttektinni frá 1790 stendur að Bæjardyr séu 9 álnir að lengd, Íslands mál, og 3½ alin að breidd. Vesturhlið bæjardyra hefur jafnframt verið framþil bæjarins og úr timbri. Líklega er átt við það þegar talað er um „standþil fyrir framan upp í gegn”, en orðalagið gæti raunar líka þýtt að timburþil hafi verið fyrir framan göngin, eða að allir veggir hafi verið þiljaðir. Það virðist passa ágætlega við minjarnar, sem benda til þess að norðurhliðin hafi einnig verið úr timbri og opnast inn í skála.

#### 2.1.2.4 Herbergi austur af bæjardyrum (stofa?).


Sunnan við göngin eru greinilegar gólfskánir, mörg þunn dökk mannvistarlög, með blettum af móösku, sandi, torfusneplum o. fl (svæði E á mynd 10). Þar var komið niður á lag af plöntuleifum [26630], sem í upphafi var talið vera trjábörkur. Við nánari skoðun virtust þetta vera þangstönglar, en ýtarleg greining hefur ekki enn farið fram. Það er að jafnaði 1 – 3 cm þykkt cm þykkt. Herbergið virðist ná um 3,5 m til austurs af bæjardyrum og inngangur í það



virðist jafnframt hafa verið úr bæjardyrum. Stærð herbergisins til suðurs er óviss, þar eð það er skorið sundur af lagnaskurðinum við suðurhlið uppgraftarsvæðisins. Aðeins er varðveitt um 80 cm breið ræma af herberginu til suðurs. Þess vegna er erfitt, á þessu stigi rannsóknar, að segja með vissu hvort herbergið hefur snúið í austur-vestur eða í norður-suður. Í miðju herbergi eru steinaröð sem bendir til þess að þar hafi verið undirstaða fyrir eitthvað. Í þessu herbergi fundust margir gripir, meðal annars lítil leirkrús sem lá inn á milli steina í sunnanverðum gangavegg. Henni virðist hafa verið komið þar fyrir í holu sem grafin var niður með veggnum ofan í eldri lög. Ekkert fannst í krúsinni sem benti til hvers hún hefði verið notuð, en líklega hefur hún verið notuð undir lyf.



*Myndir 13 og 14. Plöntuleifar af gólfi herbergis sunnan við göngin.*



*Myndir 15 og 16. Leirkrús á fundarstað sínum á milli steina í vegg. Til hægri er röntgenmynd af krúsinni, áður en hún var tæmd.*

Samkvæmt úttektinni átti 9 x 3,5 álna stór stofa að vera suður af bæjardyrum. Samkvæmt íslenskri alin eru það 4 x 2 m, samkvæmt fornri íslenskri alin er stofan 3,43 x 1,72 m og samkvæmt danskri alin er stofan 4,4 x 2,2 m að stærð. Ofangreind mál benda til þess að herbergið hafa snúið göflum til austurs-vesturs og að við úttektina hafi fornar íslenskar álnir verið notaðar.



*Mynd 17. Horft til austurs yfir norðurhluta uppgriftarsvæðis B. Lengst til vinstri sjást rör í lagnaskurði sem liggur meðfram norðurhlið svæðisins. Fyrir miðju er norðurveggur ganganna. Milli hans og lagnaskurðarins er mjó ræma þar sem voru leifar herbergja G, H og I. Fremst á myndinni er nýlögð stétt og framan við hana sést aðeins í hellulagt gólf í bæjardyrum. (GÓL2006-06-02).*

#### **2.1.2.5 Herbergi, norður af bæjardyrum (skáli?).**

Norðan ganganna og sunnan lagnaskurða er um 40 – 120 cm breitt svæði þar sem óljósar mannvistarleifar bentu til að þar hefðu verið gólf (G, H og I á mynd 10). Ekki var hægt að greina að neinar leifar torfveggja aðgreindu þessi þrjú svæði. Á þessu svæði ættu skáli, skálahús og eldhús að hafa verið, samkvæmt úttektarlýsingunni og verður fjallað um svæðið út frá þeim möguleika.

Úr bæjardyrum virðist hafa verið gengið til norðurs inn í herbergi með óljósum gólfskánum, svipuðum og í göngunum. Um er að ræða mold sem blönduð er viðarkolasalla og móöskublettum. Aðeins er um 40 cm breið ræma varðveitt af þessu herbergi og því ógerlegt að ákveða hvernig það hefur verið (G á mynd 10). Það gæti hafa verið um 3,8 m langt, ef mælt er frá framhlið hússins. Engin auðkenni fundust þarna sem bentu til þess um hvers konar herbergi væri að ræða, en samkvæmt úttektinni ættu þetta að vera leifar skálans í húsinu.

#### **2.1.2.6 Herbergi austan við skála (skálahús?).**

Svæði H á mynd 10 tekur við af svæði G. Það er um 1,8 m langt og um 80 cm breitt. Engir veggir eru sýnilegir, nema gangaveggurinn sem myndar suðurvegg. Sams konar gólfskánir eru í þessu herbergi og í herbergi G. Mold blönduð viðarkolaögnum og móöskublettum. Allmikið af fiskbeinum var undir móöskulaginu í norðurhluta þessa svæðis. Flatir steinar eru í gólfinu upp við suðurhlið. Hlutverk þessa herbergis er óvísst, en samkvæmt úttektinni er hugsanlegt að þetta hafi verið hluti af svonefndu skálahúsi.





Mynd 18. Horft til suðurs yfir austurhluta svæðis I. Fyrir miðju eru viðarleifar undir harða laginu og annar umbúnaður þar í horninu. Viðarkolaleifar í gólfi liggja umhverfis hellurnar til vinstri. Lengst til vinstri gæti hafa verið inngangur inn í göngin (GÓL2006-08-09).

#### **2.1.2.7 Herbergi, norðan við göngin (eldhús?).**

Svæði I er austan við svæði H. Það er um 6 m langt og varðveitt breidd er um 1 - 1,2 m. Eins og annars staðar norðan gangaveggjarins voru gólfskánir fremur óljósar. Þær einkennast víða af mold með sóti, móöskublettum og beinaleifum. Undantekning frá þessu var ferhyrndur blettur í suðausturhluta herbergisins [23895]. Hann er um 1 m í þvermál og jarðvegurinn var þar mjög þéttur og harður. Undir honum komu í ljós viðarleifar. Ástand þeirra var svo lélegt að ekki var hægt að ná þeim upp. Hugsanlega hefur staðið þarna einhvers konar kerald, e.t.v. kornbyrða? Tekið var sýni úr harða laginu.

Móöskulag, sem var í gólfinu norðan við göng, lá inn undir norðurvegg ganganna. Það er því líklegra eldra að uppruna en bæjargöngin, eða að þar hefur á einhverjum tíma verið inngangur úr herberginu inn í gögnin. Austan við þetta herbergi er þykkur torfveggur. Hann virðist hafa staðið þar mjög lengi. Torfurnar í honum eru úr gulleitu torfi og í því voru leifar af svartri gjósku. Miðað við lýsingu úttekta gæti þetta herbergi hafa verið eldhúsið í gamla bænum.

#### **2.1.2.8 Herbergi, sunnan við göng (búr?).**

Sunnan við göngin voru allmiklar mannvistarleifar. Bæði eru þar greinilegir torfveggir og þykk mannvistarlög, sem eru líklega leifar af gólfskánum. Því miður eru öll þessi lög skorin sundur að sunnanverðu af hitaveituskurði sem liggur heim að Nesstofu. Svæðið er breiðast vestast þar sem það er 1,4 m breitt og allt að 14 m langt.

Áður hefur verið fjallað um svæði E, sem er austur af bæjardyrum. Austurveggur þess herbergis aðgreinir það frá næsta herbergi (svæði F á mynd 10). Veggurinn er um 2 m breiður. Veggjabrúnir eru hlaðnar úr grjóti og torfi og uppfyllingin á milli er úr torfhnausum. Þetta bendir til þess að veggurinn hafi verið hlaðinn á mismunandi tímum. Hugsanlega er torfveggurinn upprunalegi og steinhleðslan hlaðin utan á hann?



Mynd 19. Leifar torfveggjar á milli svæðis E og svæðis F. Til vinstri er innbrún í herbergi E. Lagnaskurður sker sundur austurhluta veggjarins. (GÓL2006-03-06).

Þykkan gólfskánir eru á svæði F. Breidd herbergisins virðist hafa verið um 4 metrar og gæti þar hafa verið búrið sem lýst er í úttektinni.

#### **2.1.2.9 Baðstofa, austur af göngum?**

Samkvæmt úttektinni frá 1790 virðist baðstofa hafa verið við enda ganganna, og um 7 álnir frá eldhúsi. Baðstofan er sögð 16 álnir að lengd og 5 álnir á breidd. Einnig er greint frá því að svonefnt sængurhús hafi verið vestur af baðstofu sem sé horfið, en hafi verið lengst um 4 álnir.

Þegar rannsóknin hófst var búrið að grafa í gegn um allt svæðið austan ganganna. Þess vegna voru engar leifar eftir af henni og aðeins er hægt að geta sér til um hvar hún hefur verið og hvernig hún leit út. Á mynd 10 er gert ráð fyrir að hún hafi verið um það bil þar sem svæði J er staðsett.

Hafi veggir baðstofunnar verið hlaðnir eingöngu úr torfi, er hugsanlegt að grafið hafi verið í gegn um hana án þess að vart yrði við hana, þegar jarðvegurinn var fjarlægður ofan af svæðinu.



### 2.1.2.10 Hellulögn syðst á svæði B



*Mynd 20. Neðst er röð stórra tilhöggvinnna steina sem hafa hugsanlega tilheyrt yngsta hluta bæjarins. Hellulögnin sem tilheyrir gamla bænum er til hægri og fer undir stéttina framan við Nesstofu. Steinahrúgurnar vinstra megin á myndinni eru að mestu uppmokstur úr lagnaskurði sem liggur skáhallt yfir svæðið að Nesstofu (GÓL2006-06-04).*

Syðst á svæði B, var komið niður á hellulögn sem nær um 1 m út fyrir stétt austan við Nesstofu. Hún er um 4,5 m löng og hefur greinilega slétta brún á austurhlið. Hellulögnin hefur líklega tilheyrt annað hvort gólfi í einu af bæjarhúsunum eða hlaðinu framan við bæinn.

Lagnaskurður sem fer skáhallt yfir suðurhluta svæðisins heim að Nesstofu hefur valdið miklu raski á minjunum.

Yfir hellulögninni var blandað ruslalagi.



### 2.1.2.11 Einingar sem tilheyra mannvirki 2:

Id	Heiti	Innihald	Nr. einingar	Tegund einingar	Flokkur
102	Mannvirki 2	Concists of	55	Hellugólf-Bæjardyr	Stone paving
102	Mannvirki 2	Concists of	27406	Torfveggur	Turfwall
102	Mannvirki 2	Concists of	27393	Torfveggur	Turfwall
102	Mannvirki 2	Concists of	25845	Gólflag	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	23852	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	23895	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	24729	Gólfskán?	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	24745	Brún mold	Cultural layer
102	Mannvirki 2	Concists of	25801	Torfusneplar	Turf, mixed
102	Mannvirki 2	Concists of	27803	Gólfskán	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	25872	Gólfskán?	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	26331	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	26356	Mannvistarlag	Cultural layer
102	Mannvirki 2	Concists of	26402	Gólfskán	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	26630	Plöntuleifar	Plant remains
102	Mannvirki 2	Concists of	26644	Viðarkolalag	Charcoal
102	Mannvirki 2	Concists of	26680	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	27363	Viðarkolalag	Charcoal
102	Mannvirki 2	Concists of	27544	Torf	Turfwall
102	Mannvirki 2	Concists of	27796	Torfveggur	Turfwall
102	Mannvirki 2	Concists of	27810	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	28268	Móaska	Peat ash
102	Mannvirki 2	Concists of	28276	Gólfskán	Floor
102	Mannvirki 2	Concists of	30592	Sorplag	Midden
102	Mannvirki 2	Concists of	25858	Torfhleðsla?	Turfwall
102	Mannvirki 2	Concists of	24546	Brún mold	Cultural layer

Taflan er tekin úr *Intrasis*.

### 2.1.3 Mannvirki 3 – herbergi norðan ganga.


Norðan við göngin eru leifar af mannvirki (sjá afstöðu á mynd 21). Samhengi við önnur mannvirki er óljóst. Leifar af torfveggjum sem fara inn undir gangavegginn benda til þess að það muni þó vera eldra en mannvirki 2. Vegna þess hve lítil hluti mannvirkisins er sýnilegur er erfitt að gera frekari grein fyrir notkun eða umfangi þess. Innbrún veggjanna hefur verið hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin virðist hafa snúið í norður - suður og verið um 3 m breið að innanmáli.

Inn í tóftinni eru leifar af steinhleðslum og gólfhellum sem benda til þess að herbergið hafi tekið ýmsum breytingum á meðan það var í notkun. Í herberginu mátti greina óljósa þunn gólfskán sem var greinilegust fyrir miðju.

Í torfi fannst textílbútur (F. 1267) með áföstum viðarleifum beggja vegna og með nagla í gegn. Óvíst hvert hlutverk hans hefur verið.

### Einingar sem tilheyra mannvirki 3.

Id	Heiti	Innihald	Nr. Einingar	Tegund	Flokkur
103	Mannvirki 3	Concists of	24715	Torf	Turfwall
103	Mannvirki 3	Concists of	27386	Gólfskán	Floor
103	Mannvirki 3	Concists of	22858	Torf	Turfwall
103	Mannvirki 3	Concists of	22869	Brún mold	Cultural layer




Mynd 21. Torfveggir og hleðslur sem taldar eru tilheyra mannvirki 3 og hugmynd að því hvernig það hefur geta legið (S. Juel).



Mynd 22. Horft yfir gólfhellur í mannvirki 3 fyrir miðju. Til hægri virðist vera innbrún torfveggjar. Ekki er alveg ljóst hvað tilheyrir þessu mannvirki. Inn í því virðast vera lágir bekkir. Ofan við miðja mynd eru leifar af gangaveggjum sem liggja þvert yfir myndina. Á milli þeirra eru leifar af hleðslum úr mannvirki 4. Fremst á myndinni er raflögn. (GÓL2006-0606).

## 2.1.4 Mannvirki 4 – undir göngum



Mynd 23. Leifar grjóthleðslu undir göngum og torfveggjum sunnan ganganna, sem taldar eru tilheyra mannvirki 4, eru litaðar dökkar. Áætluð lega mannvirkisins eru sýnd með ljósbrúnum lit. (S. Juel).

Í miðjum göngum var komið niður á greinilegan hleðslu úr grjóti, sem er eldri en bæjargögnin. Hún tilheyrir húsi, sem nefnt er mannvirki 4. Steinarnir virtust í fyrstu vera úr veggjahruni ganganna, en þegar grafið var aðeins dýpra var greinilegt að þeir hafa tilheyrt eldri byggingu sem er undir bæjargöngum. Steinarnir eru í um 3,5 m langri röð sem virtist vera efsti hluti á innbrún veggjar, sem er að hrúni kominn. Það bendir helst til þess að um sé að ræða norðurgafli á húsi. Þegar grafið var neðar syðst á uppgraftarsvæðinu var komið niður á leifar torfveggja. Torfveggirnir voru úr greinilegum, gulbrúnum, ljósbrúnum og rauðbrúnum hnausum. Fjórir metrar voru á milli þeirra og virtust þeir hverfa til norðurs undir gangavegginn. Bilið á milli torfveggjanna passar nokkurn veginn við grjóthleðsluna undir göngunum og var dregin sú ályktun að þeir væru sennilega hluti af sömu byggingu. Byggingin liggur undir gangaveggjunum og áfram til suðurs og er því eldri en þeir.

Grafið var um 50 - 70 cm undir yfirborð, sín hvorum megin við vegg bæjarganganna. Að sunnanverðu komu í ljós torf- og grjóthleðslur sem tilheyra líklega þessari byggingu. Suðaustast var grafið í gegn um gólf, og þar virtist vera hey á gólfinu. Í göngunum, hinum megin við vegginn kom líka upp hey á svipuðu dýpi, þannig að líklega er þar um sama mannvirki að ræða. Tekið var sýni af heyinu til varðveislu.






*Mynd 24. Horft til vesturs eftir bæjargöngunum. Til vinstri er suðurveggur ganganna. Fyrir miðri mynd er grjóthleðslan sem kom í ljós undir göngunum og tilheyrir mannvirki 4. Símakapallinn fremst á myndinni var lagður í skurð sem grafinn var eftir göngunum endilöngum og eyðilagði flest mannvistarlög þar. (GÓL2006-06-16).*



*Mynd 25. Torfveggur sunnan bæjarganga, sem gæti tilheyrir mannvirki 4. (GÓL2006-05-10).*

## 2.1.5 Mannvirki 5 – göng?



Mynd 26. Mannvistarleifar sem taldar eru tilheyra mannvirki 5. Stórar flatar gólfhellur eru á milli grjóthlaðinna veggja. Torfveggir hafa verið báðum megin ganganna að baki innbrún veggjanna. (S. Juel).

Í norðausturhluta svæðisins var komið ofan á mannvirki sem virðist vera hluti af göngum sem liggja frá suðvestri til norðausturs. Þessi göng eru tæpum einum meter neðar í jarðveginum en bæjargöngin sem áður var fjallað um og tilheyra því öðru húsi og öðru mun eldra byggingarskeiði. Varðveitti hluti ganganna er 1 – 1,5 m að breidd og um 6 m langur. Göngin eru lögð fjórum stórum hellum í botninn sem eru allt að 1,2 m að stærð. Þeim hallar lítils háttar niður til suðvesturs. Ofan á hellunum var gólfskán með viðarkolaögnum og móöskublettum. Einnig var þyrping eldbrunninna smásteina í gólfskáninni ofan á hellunum.

Að vestanverðu er innbrún veggjar sem er um 3 m langur og allt að 80 cm hár og hlaðin úr grjóti. Að baki hans er um 2 m breiður torfveggur. Torfveggurinn gæti verið hluti af grjóthleðslunni, en uppruni hans gæti reyndar verið eldri. Torfið er ljósgult með svörtum gjóskulagi í. sem tilheyrir líklega Kötlu ~1500 og er því eitthvað yngri en það. Suðvesturhluti torfhleðslunnar virðist enda við grjóthleðslu sem liggur þvert á innbrún veggjarins og myndar rétt horn á hana.

Þessar mannvistarleifar voru á meira dýpi en þeir 60 cm sem grafa þyrfti vegna framkvæmdanna. Þess vegna var ekki unnt að rannsaka þær eða samhengi þeirra frekar að þessu sinni.

Austurhlið ganganna var horfin að mestu og hafði verið fjarlægð áður en rannsókn hófst. Aðeins neðsta steinaröð innbrúnar stóð eftir, rúmlega 4 m löng. Austan hennar voru neðstu leifar af torfhleðslu sem myndað höfðu austurhlið gangaveggjarins.

Ofarlega í veggjahleðslu þessa mannvirkis fannst grænglerjað leirkersbrot sem er líklega frá 16. - 17. öld, og gefur vísbendingu um aldur minjanna, en án frekari rannsóknar er erfitt að aldursgreina þessar minjar.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Munnleg heimild: Natasha Mehler. Maí 2006





Mynd 27. Horft til suðurs yfir göngin. Til hægri er neðsta steinaröð í innbrún austurveggjar og leifar af torfveggnum þar til vinstri. Fyrir miðju eru gólfhellurnar og eldbrunnir smásteinar í gólfskán ofan á þeim. Hægra megin er grjóthlaðin innbrún veggjar og að baki hennar er þykkur torfveggur, hlaðinn úr hausum. (GÓL2006-07-05).


Grjóthleðslan að vestanverðu virðist enda í horni fyrir miðju ganganna og beygja þar til vesturs. Hugsanlega sér ofan á efsta hluta steinaraðar í þeim vegg sem virðist liggja þar í sveig. Þarna eru líklega leifar bæjar sem hefur staðið a.m.k. 2 – 3 öldum á undan 18. aldar bænum. Hann virðist hafa snúið öðru vísi en önnur hús sem fundist hafa á svæðinu, en ekkert er vitað um hann að öðru leyti.

#### Einingar sem tilheyra mannvirki 5:

Id	Heiti	Innihald	Nr. einingar	Tegund	Flokkur
105	Mannvirki 5	Concists of	52	Innri veggjarbrún, vestur	Stone wall
105	Mannvirki 5	Concists of	53	Innri veggjarbrún, austur	Stone wall
105	Mannvirki 5	Concists of	54	Hellugólf	Stone paving
105	Mannvirki 5	Concists of	30524	Gólfskán	Floor
105	Mannvirki 5	Concists of	25717	Viðarkolalag	Charcoal
105	Mannvirki 5	Concists of	25738	Móaska	Peat ash



## 2.5 Mannvirki 6 – íveruhús?



Mynd 28. Yfirlitsteikning af mannvistarlögum í mannvirki 6 og hugsanlegt útlit. Dökkir litir sýna mannvistarlög sem mæld voru inn. A) er dökk, sóti blandin gólfskán. B) er líka gólfskán. C) Leifar af torfvegg. D) Sýnir áætlaða þykkt og legu torfveggja. E) Inngangur á vesturhlið. F. Ætlaður inngangur á austurhlið. (Uppdráttur S. Juel).

Á austurhluta svæðisins var búið að grafa vegstæðið niður á um 1 m dýpi og næstum í óhreyfða mold þegar rannsóknin hófst. Þegar svæðið var hreinsað fram komu í ljós leifar mannvirkis sem var að miklu leyti horfið. Þarna var greinileg gólfskán (B) sem er um 3,5 x 3 m að stærð. Norðurhlið mannvirkisins nær út fyrir uppgrafs svæðið þannig að ekki sést hver full lengd hússins hefur verið frá norðri til suðurs. Norðurhluti gólfsins (A) var dekkri og þéttari á um 2 x 3,5 m svæði og mjög feitt viðkomu, eins og algengt er um forn gólf. Á þessu svæði voru einnig allmargir steinar sem lágu dreifðir við suðurhlið þessa lags.

Við vesturenda gólfsins lágu tvær flatar hellur sem gætu hafa verið gólfhellur í rúmlega 1 m breiðum inngangi (E) í húsið. Að austanverðu heldur gólfskánin áfram til austurs, (F) að endamörkum uppgrafs svæðisins sem bendir til þess að þar hafi einnig geta verið inngangur í húsið.

Við suðurhlið uppgrafs svæðis, sunnan og suðaustan við gólfið er greinilegar leifar af neðsta hluta torfveggur (C). Hann er hlaðinn úr ljósgulum og rauðbrúnum hnausum. Ekkert grjót er í veggnum. Mesta sýnilega breidd veggjarins er um 1,2 m. en gæti verið meiri þar eð ytri mörk hans liggja utan uppgrafs svæðis. Veggurinn virðist sveigja inn við suðurhliðina, sem gæti bent til að sunnan uppgrafs svæðis séu fleiri rústir tengdar þessu húsi og jafnvel fleiri byggingarskeið.

Engir gripir fundust í þessu mannvirki sem bent gætu til notkunar þess. Fitukennd og sótblandin samsetning gólfskánar bendir einna helst til þess að þetta hafi verið íveruhús.

Aldur mannvirkisins er óviss.




Mynd 29. Horft til vesturs yfir Uppgraftarsvæði B. Mannvirki 6 er fyrir miðri mynd. Torfveggur lengst til vinstri nær að símakaplinum, þá er syðsti hluti gólfskánar. Fyrir miðju er þétta og fitukennda gólfskánin. (GÓL2006-06-09).



Mynd 30. Horft til norðurs. Hellurnar tvær ofarlega til vinstri marka líklega inngang í húsið. Dökka fitukennda gólfskánin í miðju húsi er mjög greinileg. (GÓL2000-06-10)



### 3 Húsgrunnur norðan Nesstofu - Svæði C



Mynd 31. Mannvistarleifar mannvirkis 7 og hugsanlegt útlit hússins. Hér er gert ráð fyrir að torfveggir hafi verið utan um timburgrind hússins. Inngangur í húsið er óviss. Hann hefur líklega verið á vesturhlið eða suðurhlið. (Uppdráttur S. Juel).

#### 3.1 Mannvirki 7 – timburhús?

Í yfirborði jarðvegs norðan við nýlagða stétt var komið niður á byggingarleifar árið 2005. Ákveðið var að láta það sjást í landslanginu og var því hreinsað ofan af svæðinu til þess að finna útlínur hússins. Þar reyndist vera grunnur að húsi sem virðist hafa staðið stakt. Svæðið var nefnt Svæði C. Húsgrunnurinn nefndist mannvirki 7 og hefur eininganúmer: [23631]. Ruslaga var yfir allri tóftinni og hefur það eininganúmer: [17710].

Húsið virðist hafa verið jafnað algerlega við jörðu. Ekkert stóð eftir af veggjum hússins og var aðeins neðsti hluti þess varðveittur. Með austurgafli og norðurhlið hússins var nokkuð heilleg, einföld steinaröð sem virtist vera innbrún torfveggjar, þó að utan við hana væri bara blönduð mold og ekki sæjust neinar leifar torfhleðslu. Eyður í grjóthleðslu á norðurhlið og virtist hafa komið til vegna þess að steinarnir þar höfðu verið fjarlægðir eftir að húsið var tekið úr notkun, en ekki vegna þess að þar væri gert ráð fyrir inngangi.

EKKI var hægt að staðsetja vesturhlið hússins með fullri vissu. Hugsanlega hefur henni verið rutt burt þegar yfirborð hólsins þarna var jafnað út, eða að hún liggur aðeins dýpra í jörðu en hinar hliðar hússins. Vegna þess að ekki stóð til að fara út í frekari framkvæmdir á þessu svæði, var ekki grafið dýpra til þess að leita af sér allan grun varðandi þessa hlið.

Innan við innbrún grjóthleðslunnar var einföld röð af litlum flötum steinum. Hún var greinileg við suður, austur og norðurhlið hússins. Á þessum steinum voru alls staðar 12 - 13 cm breiðar viðarleifar, líklega leifar af fótstykki sem burðargrind hússins hefur hvílt á.

Húsið er um 3,5 m breitt, ef miðað er við trégrindina. Eins og fram kom hér að ofan er lengd hússins ekki alveg viss. Norðurhliðin er um 6 m löng, þannig að húsið hefur líklega verið um 6-7 m langt. Gólfskán var mjög óljós í húsinu og líklega hefur verið timburgólf í því. Viðarleifar sem fundust á stöku stað undir gólflagi hússins gætu verið leifar af gólfbitum.





Mynd 32. Horft til vesturs yfir mannvirki 7 norðan við Nesstofu. Fremst er steinaröð sem er hugsanlega innri veggjarbrún torfveggjar. Innan hennar er röð af litlum steinhellum sem fótstykki hvíldi á. Suðurhliðin liggur rétt utan við nýja stétt og má sjá viðarleifar þar ofan á hellunum. (GÓL2006-04-02).



Mynd 33. Hrúga af þakflísum fannst utan við norðvestur horn hússins (GÓL 2006-4-07).



*Mynd 34. Horft til norðurs yfir mannvirki 7. Húsið virðist hafa legið undir ruslahaugnum sem sést á teikningunni á bls. 10. Fyrirkomulag og innbyrðis afstaða á undirstöðum úr grjóti við austur og norðurhlið sjást greinilega. Norðan við húsið til vinstri sést hrúga af þakflísum sem fannst við norðvestur horn hússins. Suðurhlið hússins nær aðeins undir kantinn á nýju stéttinni. (GÓL2006-08-03).*

Mjög mikið af beinaleifum fannst í húsinu. Grafið var lítillega niður við norðvesturhorn hússins. Þar komu í ljós allmargar rauðar þakflísar. Suðurhlið hússins liggur alveg upp að stéttinni sem lögð hefur verið. Sjá má leifar aurstokks og hellurnar undir honum þar sem þær liggja nánast samsíða stéttinni. Sökkull torfveggjar virðist því hafa lent þar undir stéttinni, sem bendir til þess að nýja stéttin sé mun breiðari að norðanverðu en hún var upphaflega.

Ekki fundust nein ummerki um hvar inngangur hefði verið í húsið. Eins og áður sagði benti rof í norðurhliðin fremur til þess að steinar hefðu verið fjarlægðir ú hleðslu en að þar hefði verið inngangur. Engin merki sást um inngang á austurgafli. Ekki var hægt að sjá nein merki þess að inngangur hefði verið á suðurhlið, þó að varla sé hægt að útiloka það án frekari rannsóknar. Flest virðist því benda til þess að inngangur hafi verið á vesturgafli hússins. Æskilegt væri að rannsaka þetta svæði betur til þess að ganga afla betri upplýsinga um húsið.

Leifar af gjóthleðslu utan um húsið bendir til þess að útveggir hafi verið úr torfi og grjóti. Viðarleifar og annar umbúnaður innan við torfvegginn ber með sér að húsið hafi allt verið þiljað að innan með timbri. Hugsanlega hefur þakið verið lagt með innfluttum þakflísum.

Engar heimildir eru þekktar um þetta hús, sem virðist þó ekki hafa verið mjög gamalt. Lega, gerð, þakflísar, viðarleifar og leirkerabrot benda til þess að það sé sennilega frá sama tíma og Nesstofa og að nokkuð hafi verið til þess kostað. Húsið virðist hafa staðið þarna eitt og sér og hugsanlega hefur það tengst einhverri starfsemi sem fór fram í Nesstofu, t.d. í tengslum við apótekið. Ofangreind könnun gat ekki veitt svör við því.





Mynd 35. Horft til austurs yfir mannvirki 7. Steinarnir fremst á myndinni benda til þess að húsið endi þarna, en ekki var grafið dýpra til að sannreyna það. Til hægri sjást viðarleifar úr innri brún suðurhliðar við stéttina. Ytri veggjarbrún hefur lent undir stéttinni. (GÓL 2006-05-15).

#### 4 Umræða og niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar voru nokkuð óvæntar. Áður en framkvæmdir hófust var talið að skipt hefði verið um jarðveg í vegstæðinu heim að Nesstofu og að allar minjar þar væru horfnar. Í ljós kom að svo var ekki. Í ljósi þess hve margir lagnaskurðir hafa verið grafnir þvers og kruss yfir bæjarhólinn á undanförunum áratugum, var einnig ótrúlegt hve mikið var enn varðveitt af fornum heillegum mannvistarleifum. Þegar það lá ljóst fyrir kom ekkert annað til greina en að halda upp á eins mikið af þessum minjum og kostur var á. Eins og getið var um að framan tilheyra flestar minjarnar gamla torfbænum sem stóð í Nesi þegar Nesstofa var reist fyrir landlækni á árunum 1761 til 1763.

Það vakti sérstaka athygli hve nálægt gamla bænum, hinn nýi bústaður landlæknis virðist hafa verið reistur, eða í aðeins um tveggja metra fjarlægð. Hlaðið fyrir framan bæinn virðist hafa verið stein- eða hellulagt.

Árið 2005 fór fram rannsókn og leit að upprunalegu yfirborði umhverfis Nesstofu og hvar og hvernig stéttin umhverfis hefði verið hlaðin. Þá olli útlit og frágangur á hleðslunum sem fundust nokkra furðu vegna þess að þær virtust bæði ver misvandaðar að gerð og vera frá mismunandi tímum. Nú virðist skýringin vera fengin, því að hluti af því sem áður var talið vera hluti af stéttinni umhverfis Nesstofu, er í raun hluti af gamla hlaðinu sem var fyrir framan bæinn í Nesi. Hlaðið lendir undir stéttinni við austurhlið Nesstofu. Eftir að gamla bærinn var rifinn hefur líklega verið lögð stétt umhverfis Nesstofu með tilhöggnum stórum kantsteinum. Leifar af hellulögn við suður- og norðurhlið benda til þess að svæðið innan steinkantsins hafi verið lagt steinum eða náttúrulegum hellum.

Við túlkun á minjum hefur verið reynt að notast við lýsingu á bæjarhúsum í úttektinni frá 1790. Vegna þess hve uppgriftarsvæðið var lítið og rannsóknarmöguleikar takmörkuðust af



nauðsynlegum framkvæmdum, var það miklum erfiðleikum bundið, og vart raunhæft að ætla að slíkur samanburður sé marktækur fyrr en stærra svæði hefur verið rannsakað.

Svo virðist sem síðasti bærinn hafi gengið gegnum einhverjar breytingar á meðan hann var uppistandandi, og hugsanlega hefur hann verið minnkaður eitthvað undir það síðasta.

Ljóst er að þarna eru mörg byggingarskeið eldri bæjarrústa dýpra í jörðu sem eru ókannaðar með öllu. Áframhaldandi rannsóknir gætu því leitt mjög margt nýtt og áhugavert í ljós um þróun og sögu Ness.

Að rannsókn lokinni voru minjarnar þakrar með jarðvegsdúk og uppgraftarsvæðið fyllt með sandi. Upprunalegu veggir ganganna fengu að standa upp úr aðkeyrslunni og tyrft var yfir þá. Gert er ráð fyrir að hellulagt verði upp að þeim að utan- og innanverðu, en lokafrágangur verður að bíða þar til frekari rannsóknir á svæðinu hafa farið fram.

## 5 Einingaskrá

Öll mannvistarlög sem fundust, steinar, fundir, sýni o.fl. voru mæld inn og skráð sem einingar í uppgrftarforritið og gagnagrunninn Intrsis. Þar er hægt að nota gögnin til þess að gera ýmis konar greiningar. Ekki er tóm til þess í þessari framvinduskýrslu, en möguleikarnir eru til staðar til þess að gera miklu meira með niðurstöðurnar en hér er gert. Hér verður aðeins birt einingaskrá yfir númer og lýsingu á mannvistarlögum, byggingarhlutum og mannvirkjum sem skráð voru við rannsóknina:

- 50 *Steinhleðsla*. Stórir steinar sem eru hugsanlega undirstöður torfveggjar suðurvesturhorns stofu Nesbæjarins. Þeir virðast vera eldri en stéttin umhverfis Nesstofu [59] en tilheyra hugsanlega yngsta hluta torfbæjarins.
- 51 *Steinlögn* yfir gangavegg. Hugsanlega undirstöður byggingar frá yngsta byggingarskeiði hússins.
- 52 *Veggjarhleðsla*. Innri veggjarbrún vesturveggjar í göngum eldra mannvirkis.
- 53 *Steinhleðsla*, líklega innri veggjarbrún í austari vegg að gögnum í eldra byggingarskeiði. Sbr. [52] sem er innri veggjarbrún í vesturvegg að sömu göngum.
- 54 *Gólfhellur*. Stórar gólfhellur í göngum. Ofan á þeim var þunn gólfskán. Ofan á henni var viðarkolalag með smásteinum í. Þar sem hellulögnin endar í norðri tekur við móöskulag, sem er líklega framhald gólfs.
- 55 *Hellulögn* vestur af göngum. Líklega leifar af framhúsum gamla bæjarins, bæjardyrum, stofu og skemmu. Stofan er að mestu horfin vegna lagnaskurðar sem grafinn hefur verið í gegnum hana.
- 56 *Hellulögn*. Líklega hellur í inngangi að mannvirki 6.
- 57 *Útveggur?* Líklega innbrún á undirstöðum útveggjar í mannvirki 7. Jafnað var yfir svæðið með jarðýtu. Engar leifar eru varðveittar af sjálfum torfveggjum. Ekki er þó hægt að útiloka að þessir steinar hafi eingöngu verið stuðningur fyrir timburgrind hússins, að utanverðu og að húsið hafi þá verið timburhús án torfveggja.
- 58 *Hlað?* Steinlögn sem tilheyrir líklega hlaði torfbæjarins í Nesi, og hefur verið í yfirborðinu fyrir framan bæinn. Hún virðist hafa verið um 2,24 m að breidd. Steinarnir eru mjög misstórir. Hellur í stéttinni sem lögð umhverfis Nesstofu er að hluta lagðar yfir þessa steinlögn.
- 59 *Kantsteinar*. Þessi steinaröð er kantur á stétt sem hlaðin hefur verið umhverfis Nesstofu. Steinaröðin er líklega lögð ofan á ruslalagið sem myndaðist umhverfis Nesstofu eftir að torfbærinn var jafnaður við jörðu.
- 101 *Mannvirki 1*. Undirstöður og útlínur að mannvirki sem virðist liggja ofan á bæjargöngum (Mannvirki 2). Er líklega yngsta mannvirkið á svæði 2006-B.
- 102 *Mannvirki 2* eru líklega leifar bæjarganga síðasta bæjarins í Nesi áður en Nesstofa var reist. Þetta eru tveir veggir og göng, ásamt gólfskánum nærliggjandi herbergja.
- 103 *Mannvirki 3* er fremur óljóst. Aðeins lítill hluti þess er varðveittur. Þetta er tilraun til þess að reyna að rað því saman.

- 104** *Mannvirki 4* er aðeins komið í ljós að hluta til. Brot af hleðslum sem virðast liggja undir mannvirki 2.
- 105** *Mannvirki 5*. Það eru hellulögð göng. Hellurnar eru stórar og ofan á þeim eru þunnar gólfskánir, móösku og viðarkola. Innbrúnir veggjanna sem liggur að göngunum eru hlaðnar úr grjóti. Að baki þeirra eru þykkir torfveggir úr ljósgulu torfi.
- 106** *Mannvirki 6* er austast á uppgraftarsvæði B 2006. Það er neðst í uppgreftinum, á um 1 m dýpi. Öll mannvistarlæg yfir mannvirkinu höfðu verið fjarlægð með gröfu áður en rannsókn hófst. Þess vegna vantar m.a. hluta af veggjum og tengingu við gólf. Norðurhluti hússins liggur utan uppgraftarsvæðis. Inngangar virðast vera í húsið bæði á austur- og vestur gafli.
- 107** *Mannvirki 7* er norðan Nesstofu á uppgraftarsvæði C 2006. Því hefur verið jafnað út með jarðýtu og því vantar marga hluta hússins. Við norður, austur- og suðurhlíð fundust viðarleifar sem eru líklega fótstykki eða lausholt timburgrindar hússins. Viðarleifarnar lágu á litlum flötum hellum. Utan við þær er röð af steinum sem eru líklega innbrún að torfvegg, sem er horfinn vegna þess að engar leifar torfs fundust. Ekki er þó hægt að útiloka að steinaröðin sé eingöngu stuðningur við timburgrindina og að húsið hafi verið timburhús.
- 17710** *Ruslalog* yfir tóft 23631.
- 22756** *Blandað ruslalog*. Mold blönduð með skeljum, beinum og gripum. Hugsannlega lag sem hefur myndast þegar yfirborðið var jafnað út með jarðýtu. Efsta mannvistarlagið sem skráð var á svæðin. Búið var að fjarlægja yfirborðslagið.
- 22788** *Brún mold*, maðksmogin, engin sýnileg lagskipting. Ljósbrúnir blettir úr torfi hér og þar. Hugsanlega eru það leifar af torfvegg sem jafnaður hefur verið út. Viðaragnir eru á víð og dreif í laginu. Lagið endar í suðri við skurð sem hefur slitid það sundur.
- 22788?** *Brún mold*, blönduð skeljum, beinum, glerbrotum og viðarögnum. Líklega neðsti hluti skeljalagsins, sem hefur líklega verið ruslalog. (Ath. númer lags er það sama og fyrra lagið).
- 22778?** Malarlag, Sennilega uppfylling ofan á skeljalagi [22756].
- 22788?** *Brún mold*. Hugsanlega leifar af torfhleðslu. (Þessi lög þarf að athuga nánar).
- 22793** *Brún mold*, blönduð ýmsu rusli, skeljum, beinum, viðarkolaögnum, og móóskublettum. Fremur laus í sér. Yfir göngum.
- 22800** *Torf*. Ljósgulir, brúnir, dökkbrúnir og rauðbrúnir blettir í torfuhnausum. Dökkgrá gjóska var í torfinu. Tekið var sýni úr gjóskunni (*sýni 1*). Efsti hluti af torfvegg. Blandað mold.
- 22809** *Brún mold*. Viðaragnir eru í moldinni, en annars er hún hrein og lítið blönduð öðrum aðskotahlutum úr ruslalagi. Fremur laus í sér. Endar til norðurs við lagnaskurð.
- 22820** *Brún mold*. Fremur laus í sér, maðksmogin, en lítið blönduð. Einstaka viðarkolaagnir. Brún mold, blönduð rusli og torfusneplum.
- 22824** *Torfhleðsla*. Brún, maðksmogin mold með ljósbrúnum og rauðbrúnum torfublettum.
- 22828** *Brún mold*, fremur laus í sér og maðksmogin. Blönduð rusli, einstaka viðarkolaögnum og brenndum beinum. Ljósir moldarblettir á stöku stað, e.t.v. torfusneplar.
- 22833** *Brún mold*, fremur laus í sér. Blönduð rusli, einstaka viðarkolaögnum og brenndum beinum. Ljósir og rauðbrúnir moldarblettir á stöku stað, e.t.v. torfusneplar.
- 22840** *Blönduð mold*.
- 22844** *Brún mold*, maðksmogin og fremur laus í sér. Blönduð skeljum, beinum og gripum. Blönduð móösku neðst. Lagnaskurður liggur eftir þessu lagi og rýfur það að endilöngu.
- 22852** *Brún mold*, maðksmogin. Lítið blönduð beinum og skeljum. Gulir og rauðbrúnir torfusneplar á stöku stað.
- 22858** *Torfhleðsla*, efsti hluti torfveggjar. Gulleitir, ljósbrúnir og rauðbrúnir torfuhnausar. Í torfinu eru svartir gjóskublettir. Sýni var tekið úr þeim til greiningar.
- 22869** *Brún mold*, blönduð. Ljósir og gulir blettir úr torfhnausum.
- 23620** *Ruslalog*, fyrir norðan húsið. Yfir mannvirki. Sama blandaða lag og [22756]

- 23631** *Húsgrunnur* sem grafinn var fram norðan við Nesstofu. Hugsanlega gólflag eða lag ofan á gólfi innan í húsinu norðan Nesstofu.
- 23852** *Móaska*, rauðbleik. Móöskulag í göngum. Efsti hlutinn er hrein móaska. Neðar er lagið blandað dökkri mold og skeljum. Líklega á gólfi. Lagið var 2 - 10 cm þykkt. Lagið er þykkast við miðju ganganna en þynnist til vesturs. Sama lag og [23895].
- 23895** *Móaska*. Tilheyrir líklega gólfi í göngum. Sama og 23852. Lagnaskurður sker sundur lagið. Það var frá um 2 - 10 cm þykkt og þynntist til vesturs.
- 24404** *Viðarleifar* ofan á steinaröð. Líklega lausholt. Breiddin er um 17 cm. Lengd á langhlið rúmlega 6 m og breidd um 3,6 m.
- 24428** *Skurður*. Útlínur á rafmagnsskurði voru mældar inn að nýju.
- 24464** *Holræsaskurður* norðan við rafmagnsskurð var mældur inn að nýju.
- 24502** *Stoðarhola* í móöskulagi í göngum, ferhyrmd að lögun.
- 24507** *Stoðarhola?* í göngum, hringlaga.
- 24515** *Fjöl* sem lá ofan á lagnakapli (síma eða rafmagn). Tilheyrir lagnaskurði.
- 24522** *Viðarleifar* í viðarkola- og móöskulagi.
- 24529** *Viðarleifar* í viðarkola- og móöskulagi.
- 24534** *Viðarleifar* í viðarkola- og móöskulagi.
- 24539** *Viðarleifar* í viðarkola- og móöskulagi.
- 24546** *Brún mold*, blönduð rusli og viðarleifum.
- 24715** *Torfhleðsla*. Hluti af stærra lagi. Mælt að skurði sem sker lagið. Mörk lagsins eru óljós. Það hverfur inn í norðurbakkann. Líklega sama lag og [25890].
- 24729** *Ljósbrún mold*, mjög þjappað og hart lag. Er eins og hóll í horni herbergis. Hugsanlega gólflag?
- 24745** *Kolalag*, sem í eru bæði viðarkola- og steinkoladreif. Lagið er blandað mold.
- 25717** *Viðarkolalag* í mold ofan á hellulögn í gólfi. Í laginu eru margir smásteinar. E.t.v. gólf í eldri göngum eða undir göngum?
- 25738** *Móaska* ofan á hellulögn í gólfi, framhald af móöskulagi [            ].
- 25800** Sýni sem var tekið úr lagi [25717].
- 25801** *Blönduð mold*. Torfblönduð gulbrún, brún og rauðbrún að lit undir skeljalagi. um 10 - 15 cm þykkt. Hugsanlega hrun úr vegg eða þaki. *Torf*, blandað torfusneplum. E.t.v. leifar af hrundum torfvegg.
- 25813** *Gólfskán*. Mannvistarlag, hugsanlega gólf. Feitt viðkomu. Dökkbrúnt og gráleitt að lit. Búið var að fjarlægja allan jarðveg ofan af laginu þegar rannsókn hófst.
- 25823** *Torfveggur* austast í austurhluta uppgraftarsvæðis. Mikið gult, brúnt og rauðbrúnt torf. Stórir hnausar. Hverfur inn í suðurbakka uppgraftarsvæðis.
- 25845** *Gólfskán* í göngum, um 15 cm undir móöskulaginu í göngum móösku. Dökkt og fitukennt blandað moldarlag. Ýmsir fundir eru í laginu, m.a. bein og fiskasleggja. Austasti hluti ganganna er sundurgraffinn af lagnaskurði [25751] sem liggur eftir göngunum endilöngum.
- 23852** *Móaska* í göngum, allt að 10 cm þykk. Sama lag og [23895] sem er sundurskorið af lagnaskurði [25751].
- 25858** *Torfhleðsla* undir steinhleðslu, blönduð mold. Skýr skil í jarðvegi.
- 25872** *Gólfskán*. Dökkbrún lagskipt mold, Mannvistarlag, líklega gólflag. Í laginu eru fiskbein, skeljar og sandblettir.
- 25890** *Torf*lag. Gul og ljósbrúnar torfur. Óljós mörk. E.t.v. hrun. Hverfur undir norðurbakka uppgraftarsvæðis.
- 25996** *Hvítur blettur* tekinn sem sýni úr lagi [25872].
- 26000** *Torfhleðsla*. Gulir og rauðbrúnir hnausar. Suðurhlutinn er mjög fínn og var myndaður. Norðurhlutinn við vegginn virðist vera hreyfður. Greinilegur torfveggur. Sennilega hluti af [25801]. Hleðslan er sundurskorin af lagnaskurði.
- 26331** *Móaska* ofan á dökku gólflagi. Þykkt lagsins er 1 - 2 cm.
- 26356** *Blandað moldarlag* sunnan við gangavegg. Brún og dökkbrún mold. Virðist vera hreyft. Hugsanlega gryfja? eða eitthvað sem hefur fyllst upp af drasli. Mikið af alls



- konar gripum í þessu lagi, gler, lyfjaglös, þakflísar o. fl. Heil lítil lyfjakrús fannst við vegginn í þessu lagi.
- 26402** *Gólfskán.* Lagskipt dökkbrúnt, grásvart gólflag, feitt viðkomu, 2-3 cm. Þá koma skeljar og beinarusl 6-7 cm þykkt. Dökkt, svarbrúnt, ljósara neðst, 3-4 cm þykkt. Þá kemur um 0,5 cm þykkt sandlag, þá 2-3 cm þykkt leirkennt lag, frekar dökkt. Þá dökkbrúnt lag, slitrótt 1-2 cm þykkt, svo 1 - 2 cm þykkt sandlag og svo torf [27544] þar undir. Lagið var skafið niður með múrskeið. Ath.: Í sömu hæð og efra sandlagið er blönduð brún mold með torfusneplum austast. Sandlag 2 nær þó alveg undir það. Sandlag 2 er að mestu skeljasandur austast 2-3 cm þykkt með smá torfblettum. Lagið er sundurgrafið af skurði, en er mælt sem eitt lag beggja vegna við hann. Þetta er sama lag og [25872].
- 26630** *Plöntuleifar,* hugsanlega þangstönglar. Var á vettvangi talið vera börkur og kallað barkarlag. Í smásjá virðist lagið vera úr hringlaga mjúkum plöntum sem hafa pressast saman. Lagið losnar auðveldlega í sundur þegar það er aðgreint. Litur frekar dökkbrúnn, með rauðgulum blæ. Liturinn varð ljós þegar lagið þornaði. Svæðið er um 2 m frá austri til vesturs og 1 m frá norðri til suðurs. Líklega er lagið stærra en segir hér að framan því að plöntuleifarnar skerast af skurðinum. Lagið er í herbergi sem talið er vera stofa og er vestast í henni. Í veturhluta liggur plöntulagið ofan á steinlögum í gólfi. Lagið er þar um 2 cm. þykkt. Annars er það að jafnaði 1 - 3 cm þykkt. Ekki er hægt að sjá að plöntuleifarnar myndi neins konar mynstur. Ath.: Undir plöntulaginu var heilmikið af beinum og einnig viðarleifum. Undir miðju laginu vannst voru samsíða viðarleifar sem mynduðu þríhyrning. Teknar voru af því myndir.
- 26644** *Viðarkol* í dökkri mold. Viðarkolin eru þéttast á milli steina. Lagið er frekar þétt í sér á köflum. Liturinn er brúnn og blandaður bleikum móöskublettum og smá rauðbrúnum bletti. Í laginu er mikið af viðarkolum, mest umhverfis steina en minna annars staðar. Móöskublettir á köflum, einnig viðarleifablettir. Lagið þynnist að norðanverðu, frá steinahleðslum, en er þó að jafnaði fremur ójafnt. Tekið var ofan af laginu með skóflu og síðan hreinsað fram með múrskeið.
- 26680** *Móösku- og viðarkolalag,* ljósbleikt efst með svörtum og marglitum blettum. Dekkist er neðar dregur og er þar dökkfjólublátt og svart. Lagið er laust í sér efst en þéttara er neðar dregur. Það er um 7 cm þykkt syðst og er þykkast um miðjuna þar sem það er um 20 cm þykkt. Lagið er blandað dýrabeinum og skeljum. Áberandi mikið er af fiskbeinum. Við steinana var mikið af móösku, viðarkol og fiskbein við steina. Einnig var hvítt efni við einn steininn. Steinarnir sem lagið lá að voru brenndir. (Lausleg afstöðumynd var teiknuð á einingaeyðublað). Lagið virðist liggja inn undir vegginn til suðurs og inn í göngin. Hugsanlega tilheyrir lagið eldra byggingarskeiði, eða eldra inngangi inn í göngin sem lokað hefur verið fyrir.
- 27381** *Stoðarhola.*
- 27386** *Gólfskán.* Sandblendin mold, blönduð viðarkolaögnum. Lagið er 0,5 - 1 cm þykkt og liggur ofan á steinhellum.
- 27393** *Torfveggur.* Norðurveggur ganganna.
- 27406** *Torfveggur,* sem markar austurhlið ganganna.
- 27419** *Gólfskán?* Dökkt þétt moldarlag. Virðist fara inn undir steina í vegg. Hugsanlega gólf.
